

**Nd.**

**1069. Nefndarálit**

[415. mál]

um frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að ekki væri ágreiningur um meginefni frumvarpsins enda um að ræða víðtækt samkomulag hagsmunaaðila innan sjávarútvegsins.

Með tillögum um hlutfall skiptaverðmætis af heildaraflaverðmæti með 70% sem meginreglu er gert hreint borð í tekjuskiptingu milli sjómanna og útvegsmanna. Eru samningsaðilar sammála um þetta þótt auðvitað verði aldrei gert endanlegt samkomulag um tekjuskiptingu milli þeirra. Í stað flókinna tilfærslna og reiknireglna kemur nú eitt hlutfall, mishátt eftir því hvort landað er heima eða erlendis úr veiðiskipi eða gámi eða frystiskipi. Hins vegar er það ekki tilgangur þessara ákvæða að breyta tekjuskiptingunni í meginatriðum heldur markaðar skýrari línur fyrir kjarasamninga aðila sem fari fram á sínum rétta vettvangi.

Það hefur nokkuð verið gagnrýnt af hálfu sjómanna að 4. gr. frv., þar sem ákveðið er að skiptaverðmæti á frystiskipum skuli vera 70% af fob-verðmæti, feli í sér skerðingu á hlut sjómanna á þeim skipum. Það er rétt að skv. núgildandi skiptum er sambærileg tala 72,25% þegar um botnfisk er að ræða en aftur á móti 68,25% þegar rækja er fryst um borð. Þannig felur ákvæði 4. gr. í sér hækkun hlutar á rækjuskipum en lækkun á öðrum veiðum frystiskipa. Algengt mun vera að sömu skipin stundi hvort tveggja. Þá er þess að geta að 70%-talan í 4. gr. er hluti af víðtæku samkomulagi fulltrúa sjómanna og útvegsmanna um

ákvæðin í I. kafla frv. Sjómenn fengu því framgengt að hlutfallið í 1. gr. hækkaði úr 69,5% í 70% um leið og ákveðið var að gera þá málamiðlun sem felst í 4. gr. Loks er rétt að benda á að hluti þess samkomulags, sem fulltrúar sjómanna og útvegsmanna í nefndinni, sem samdi frv., gerðu með sér, var viðbót við kjarasamninga þeirra um hækkun á skiptaprósentu á skipum sem eru undir 240 brl. og um greiðslu fæðispeninga. Vilji sjómenn ná fram frekari leiðréttingu í einstökum greinum flotans eru kjarasamningar hinn eðlilegi vettvangur slíkra breytinga.

Nefndin leggur á það áherslu eins og kom fram í framsöguræðu sjávarútvegsráðherra og við umræður í nefndinni að strax í vor verði kannað í samvinnu við útvegsmenn og sjómenn hvort aðstæður séu til að taka upp einhvers konar aflatryggingu eða tekjutryggingu í framtíðinni verði aflabrestur í einstökum landslutum eða verstöðvum. Að því ætti að stefna að hugmyndir um þetta efni komi fram sem fyrst og helst á haustþinginu. Hins vegar sé nú heppilegast að leggja núverandi Aflatryggingasjóð niður þar sem starfsemin hefur fjarlægst upphaflegan tilgang hans.

Við umræður í nefndinni kom fram að æskilegast væri að sérstaklega yrði athugað hvert sé heppilegasta form vaxtaákvörðunar á innstæðum útvegsmanna á stofnfjár sjóðsreikningum. Ákvæðin í 12. gr. frv. um hæstu lögleyfða fasteignaveðlánavexti eru fyrst og fremst lágmarksákvæði og fela reyndar í sér hækkun vaxta frá því sem segir í gildandi lögum. Þetta er hins vegar fyrst og fremst málefni útvegsmanna og Fiskveiðasjóðs sem heppilegast virðist að verði leyst á þeim vettvangi. Líku máli gegnir um váttryggingareikninga þá sem LÍÚ annast fyrir útvegsmenn.

Nefndin telur æskilegt að ríkisstjórnin fjalli að nýju um vanda skreiðarframleiðenda, m.a. um útflutningsgjöld og gengismun af skreiðarbirgðum og ógreiddum skreiðarútflutningi af framleiðslu fyrri ára.

Nefndin bendir á að ráðstöfun fjár til öryggismála og björgunaræfinga á fiskiskipum verði að sjálfsögðu endanlega ákveðin í samvinnu við samgönguráðuneytið sem skipaði öryggismálanefnd sjómanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það er á þskj. 979.

Einn nefndarmanna, Halldór Blöndal, gerði ágreining varðandi útflutningsgjald og greiðslu gengismunar af skreið framleiddri fyrir 31. desember 1984 og áskildi sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. þar um. Hann skrifar undir nál. með fyrirvara um þetta efnisatriði frv., enda varðar það ekki það samkomulag sem varð milli hagsmunaaðila sjávarútvegsins og frv. var byggt á þegar það var lagt fram.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Stefán Guðmundsson,  
form., frsm.

Ingvar Gíslason.

Halldór Blöndal,  
með fyrirvara.

Geir Gunnarsson.

Geir H. Haarde.

Gunnar G. Schram.